

Pingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun
Áb. _____
18. des. 2013 10.5.0
Tilv. _____

Reykjavík, 17. desember 2013  
Tilvísun: UST20131000193/ksj

**Erindi þar sem óskað er umsagnar um að stofnuð verði lóð undir íbúðarhús á jörðinni Grímsstaðir 4 í Skútustaðahreppi.**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Pingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um innkomna umsókn um að stofnuð verði lóð undir íbúðarhús á jörðinni Grímsstaðir 4.

**Verndarsvæði Mývatns og Laxár**

Sótt er um að stofna íbúðarhúsaloð í landi Grímsstaða 4 Skútustaðahreppi. Á loftmynd yfir áætlaða lóð eru ekki sýndar fjarlægðir lóðamarka frá Mývatni en ef landssvæðið er skoðað á skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar má sjá að hlið áætlaðrar lóðar sem er næst vatninu er 40 – 100 metra frá vatninu eftir því hvort mælt er frá nesodda eða vík. Horn lóðarinnar sem er fjarst vatninu er 140 - 200 metra frá vatninu eftir því hvort mælt er frá nesodda eða vík.

Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu kemur fram m.a. að: *Ákvæði þessarar reglugerðar taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin.*

Einnig kemur fram í markmiðum laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu nr. 97/2004 og reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 665/2012 að markmiðið með setningu laganna og reglugerðarinnar sé að stuðla að verndun náttúrufars, þ.e. lífríkis, jarðmyndana og landslags Mývatns- og Laxásvæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að íbúðarhúsaloðin sem gerð er tillaga um er innan verndarsvæðis Mývatns og á öröskuðu svæði.

**Samræmi við aðrar áætlanir**

Þar sem ofangreind íbúðarhúsaloð er áætluð innan verndarsvæðis Mývatns og á öröskuðu svæði samræmist áætlun um lóðina ekki eftirfarandi markmiðum aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-23 að mati Umhverfisstofnunar:

- Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landgæða. Forðast skal röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.
- Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsapýrpingum sem þar eru fyrir.

Í aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023 kemur fram að ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis.

Að mati Umhverfisstofnunar er ofangreind áætluð lóð ekki í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð á jörðinni, enda kemur fram á loftmynd er fylgir erindinu að nauðsynlegt yrði að leggja tvo veghluta til þess að tengja áætlaða lóð við aðkomu til annarra húsa á jörðinni. Umhverfisstofnun bendir á að á svæðinu er votlendi og hraun sem eru vistgerð og jarðmyndanir er falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999

### **Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður - Þingeyjarsýslu**


Í ofangreindum lögum um verndun Mývatns og Laxár kemur fram að markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Einnig kemur fram í markmiðum laganna að þau eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Að mati Umhverfisstofnunar samræmist það ekki ofangreindum markmiðum að stofna lóð undir íbúðarhús á öröskuðu svæði innan verndarsvæðis Mývatns.


### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar er áætluð lóð að Grímsstöðum 4 staðsett innan verndarsvæðis og telur Umhverfisstofnun það ekki samræmast lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að áætluð lóð er staðsett á öröskuðu svæði þar sem eru vistgerð og jarðmyndanir er falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Einnig telur Umhverfisstofnun stofnun áætlaðrar lóðar ekki samræmast gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætla íbúðarlóð fjær vatninu og á röskuðu svæði.

Umhverfisstofnun hefur leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um stofnun ofangreindrar lóðar í landi Grímsstaða 4. Náttúrufræðistofnun hefur gefið umsögn dagsetta 3. desember 2013. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að halda eigi verndarsvæðinu eins lítt röskuðu og mögulegt er bæði vegna hættu á eyðingu búsvæða og hugsanlegrar mengunar.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun